

Fundur skólaráðs Krikaskóla  
16. mars 2023 kl. 8:10  
Haldinn í Krikaskóla

Viðstaddir: Þrúður, Inga Rut, Egill, Freyja, Alexandra, Dagbjört Ólöf, Guðrún Erna og Ásthildur Sóllilja.

Dagskrá:

1. Starfslok skólastjóra - ÞH upplýsti að óskað væri eftir að hún héldi áfram út maí og hún mun verða við því.
2. Nemendakönnun Skólapúlsinn 2022-2023 - niðurstöður kynntar og ÞH fór yfir verlag skólans varðandi innra matið. Aðrir þættir í innra mati skólans voru ræddir og hvernig við vinnum úr gögnum og miðlum á milli teyma í skólanum. Ljóst er að ræða þarf og skoða 2. bekkinn en hann er lægri en aðrir í ánægju af lestrinum og skólanum sínum.
3. Heimasíða og tímalína fyrir verkefnið var kynnt. Skólaráðið lýsir furðu sinni á hversu langan tíma þetta hefur allt tekið. Ekki eigi að þurfa að taka svona gríðarlega langan tíma að ganga frá fullnægjandi heimasíðu fyrir skóla.
4. Rætt var um 190 daga skóladagatal - kosti þess og galla en mikilvægi þess að þjónusta frístundar standi til boða í þeim breytingum sem verða í júní 2024 þegar styttra skólaár kemur til framkvæmdar í Krikaskóla. Foreldrar ítrekuðu ánægju sína með frístundastarfið í Krikaskóla. ÞH mun setja saman kynningarbréf til foreldra þegar endanleg staðfesting liggur fyrir á skóladagatali 2023-2024.
5. Rætt var um frístundaakstur og einn fulltrúi foreldra kom með ábendingu um ökumann skólabíls sem ekki sýni kurteisi í samskiptum né í umferðinni. ÞH mun koma ábendingunni áfram. Endurskoðun fer nú fram á akstrinum hjá sveitarfélaginu og nýtt fyrirkomulag væntanlega koma fyrir næsta skólaár.
6. Varamaður fulltrúa foreldra leikskólabarna reyndi að setja sig í samband við aðila á fræðsluviði til að fá sent fundarboð en fékk ekki svar. ÞH kemur ábendingu um það áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið 8:55